

Orðanefnd læknafélaganna

Fundur var haldinn mánudaginn 25. apríl 2022 kl. 16:30 að Laugavegi 13, Reykjavík, í húsnæði Stofnunar Árna Magnússonar, og var þetta 91. fundur nefndarinnar frá árinu 2012.

Mætt voru: Jóhann Heiðar Jóhannsson, formaður nefndarinnar, Gerður Aagot Árnadóttir, Reynir Tómas Geirsson og Ágústa Þorbergsdóttir, deildarstjóri á Stofnun Árna Magnússonar. Magnús Jóhannsson og Runólfur Pálsson höfðu boðað forföll.

1. Síðasta fundargerð:

Fundargerð 90. fundar (14. mars 2022), sem hafði verið send nefndarmönnum í tölvupósti, var samþykkt án athugasemda.

2. Orðabókarvinnan:

Fyrir fundinum lágu orðalistar, sem sendir höfðu verið nefndarmönnum til yfirferðar.

a) **Curet – curettage.** Þetta var lokayfirferð á stuttum lista (6 færslur) til endanlegrar afgreiðslu. Ein lagfæring var gerð. Heitin verða svo birt í Íðorðabankanum.

b) **Anemia – blóðleysi.** Listinn samanstóð af 36 færslum úr Íðorðasafni lækna og 10 færslum úr erlendum læknisfræðiorðabókum sem lagt var til að yrði bætt við. Margvíslegar endurbætur voru gerðar og ákveðið að aðalheitið á „anemia“ væri alltaf „blóðleysi“ en elsta heitið „blóðskortur“ yrði ekki notað. Viðbótarfærslurnar voru allar samþykktar. Heitin verða birt í Íðorðabankanum.

c) **Abrasion, erosion, attrition o. fl.** Um var að ræða lista með um 20 færslum. Hann var lagður fram til kynningar og lauslega skoðaður, en mun verða yfirfarinn nánar á næsta fundi.

d) **Verkjaheiti.** Þetta var langur listi frá 89. fundi, sem - þá eins og nú - vannst ekki tími til að taka til sameiginlegrar yfirferðar.

Önnur mál: JHJ kynnti svar við einni fyrirspurn sem borist hafði vegna þýðingar á enska lýsingarorðinu „extrapleural“. Í svari sínu til fyrirspyrjanda hafði hann bent á samheitin í Íðorðasafninu: „utanfleiðru-“, „utan fleiðru“ og „utan brjósthimnu“.

Næsti fundur. Næsti orðanefndarfundur er ráðgerður mánudaginn 23. maí. JHJ mun að venju undirbúa fundinn og boða með tölvupósti.

Fundi var slitið um kl. 17:40. Fundargerð ritaði JHJ.